

Sent til Mbl.is: 25.7.2020
Birt í Mbl: 28.7.2020
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Eftir Skúla Jóhannsson

Miðlanir safna sumarvatni til að koma í veg fyrir orkuskort að vetri til og kerfið hefur frá upphafi verið hannað út frá orkuöryggi m.t.t. rennslis

Skýrsla starfshóps um raforkuöryggi

Þann 14. september 2020 skilaði starfshópur á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins tillögum um hvernig tryggja megi framboð á raforku.

Tillögurnar eru birtar í skýrslunni „Skýrsla starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku“.

Starfshópurinn var skipaður 31. ágúst 2017 og hefur því starfað í liðlega þrjú ár.

Í starfshópnum voru tíu manneskjur: Tvær frá Háskólanum í Reykjavík, orkumálastjóri, tvær frá ráðuneytinum og fimm frá orkufyrirtækjum. Koma mætti fram hverjir í starfshópnum skrifuðu skýrsluna.

Virkjanir á Íslandi

Íslenska raforkukerfið er keyrt með virkjunum sem nota sjálfbæra náttúruorku. Annars vegar stöðuorku vatnsfalla og hins vegar jarðvarmaorku. Víxláhrif þessara orkulinda eru þannig að ef önnur bregst þá er hin reiðubúin; veðurfar á yfirborði jarðar ekki áhrif á framboð á jarðvarmaorku sem er tekin á yfir 2ja km dýpi í jörðu. Í þessu samspili felst ákveðið orkuöryggi sem á sínum tíma lagði grunn af því að leggja niður olíuvirkjanir til orkuframleiðslu.

Vatnsmiðlanir safna sumarvatni til að koma í veg fyrir orkuskort að vetri til. Íslenska raforkukerfið hefur frá upphafi verið hannað út frá orkuöryggi með tilliti til árstíðabundins framboðs á rennslis við vatnsaflsvirkjanir og tilheyrandi virkni vatnsmiðlana. Ekki er minnst á það í skýrslunni.

Í dag eru olíustöðvar í raforkukerfinu eingöngu til aflframleiðslu í stuttan tíma, eða til aflöryggis.

Orkuöryggi á heildsölumarkaði og hönnun raforkumarkaður

Landsneti er ætlað hlutverk með raforkulögum 2003 og var stofnað í ársbyrjun 2005. Fyrirtækið fékk heimild til að stofnsetja raforkumarkað. Landsnet hefur því unnið að hönnun á nýjum raforkumarkaði í hartnær 16 ár. Nokkrum sinnum hefur verið tilkynnt að verkinu væri lokið, en ekki hefur ennþá tekist að koma markaðnum á fót. Sem dæmi var tilkynnt að markaðurinn væri tilbúinn til starfrækslu haustið 2008 en þá var gangsetningu frestað vegna Hrunsins, að sögn. Um þessar mundir er enn ein atlagan í gangi og nýtir Landsnet aðstoðar erlendra sérfræðinga frá fyrirtækinu Market Reform við það verk.

Furðu sætir að í skýrslu starfshópsins er hvergi getið um að haft hafi verið samráð við Landsnet/Market Reform, sem verður að telja ámælisvert ef satt reynist. Ég tel að það sé verið að

fara í öfugt málið með því að vinna að tillögum um öryggi raforkuafhendingar án þess að taka tillit til hvernig væntanlegur raforkumarkaður muni starfa. Ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að öryggi í afhendingu raforku sé kannað og rætt, en hvort kemur á undan hænan eða eggíð?

Eitthvað hefur þetta staðið í starfshópnum, sem virðist ekki hafa áttað sig á að honum var gert að koma með tillögur í málinu. Í skýrslunni eru nánast eingöngu tillögur að greiningum og könnunum, sbr. „ábendingar og tillögur“ á bls 25 þar sem fjallað er um hvernig fjölga megi aðilum á söluhlið heildsölumarkaðar. Skýrslan fjallar í takmörkuðum mæli um innihald þ.e. hvað eigi að gera, en mest er fjallað um formið með upptalningu á lagagreinum, aðdraganda og hlutverkaskipan.

Starfshópnum er þó vorkunn því að hönnun raforkumarkaðar þyrfti að koma á undan fínstillingu á öryggismálum.

Svo dæmi sé tekið þá tók það Norðmenn 10 ár að slípa til hina ýmsu þætti í sínum raforkumarkaði. Það tókst á endanum og starfar markaðurinn í dag hnökra- og ágreiningslaust og hefur reynst vel.

Hvað gera raforkufyrirtækin?

Raforkufyrirtækin og Samorka hafa lýst yfir stuðningi við gangsetningu raforkumarkaðar hér á landi í samræmi við þriðja orkupakkann eins og hann var samþykktur með þingsályktun á Alþingi haustið 2019. Kveðið verður nánar á um virkni raforkumarkaðarins í fjórða orkupakkanum, en almennt má segja að nauðsynlegt er fyrir íslenska raforkukerfið að hafa til viðmiðunar vel skilgreinda og reynslumótaða raforkumarkaði erlendis.

Þrátt fyrir einhug raforkufyrirtækjanna vekur það áhyggjur að fyrirtækin taka lítinn þátt í umræðu um málið á almennum vettvangi. Þau hafa haldið formlega kynningarfundum, en þegja þess í milli. Heyrst hafa efasemdir starfsmanna fyrirtækjanna um getu markaðarins til að leysa þarfir framleiðenda og notenda raforku, en það endurspeglar vafalaust umræður innandyra hjá þeim.

Óupplýst og ofsafengin umræða með pólitískum upphlaupum og hótunum í takt við umræðuna um þriðja orkupakkann gæti sett strík í reikninginn.

Um skýrsluna

Mér þykir furðu sæta að starfshópurinn skuli í mynd 4 taka gagnrýnislaust upp niðurstöður úr skýrslu Landsnets/Eflu 2019 „Afl og orkujöfnuður fyrir árin 2019-2023“. Byggði sú skýrsla á óljósum fosendum um ástandi raforkukerfisins 2018. Afljöfnuður var látinn ráða þar við mati á nauðsyn viðbótarafis í virkjunum, sem er röng aðferð, en nota á orkujöfnuð. Þetta er herfileg villa en varla hægt að fara nánar út í það á þessum vettvangi. Ég vísa í athugasemdir mínar í Morgunblaðsgrein 27.07.2019. Starfshópurinn hefur heldur ekki gert athugasemdir við það að staðan í raforkukerfinu er töluvert önnur í dag en hún var árið 2018. Mætti minnst á það í skýrslu um raforkuöryggi.

Höfundur er verkfræðingur
skuli@veldi.is